

Hættur og slys, sem umflýja mætti

Jeg hefi sagt fyrir, og að vísu í sambandi við það sem rjett er að nefna náttúrulögmál, að árið 1944 mundi verða í mesta lagi hættulegt. Og þótt ekki sje langt liðið enn, hefir nú þegar ýmislegt það til tíðinda borið, utan lands og innan, sem eindregið bendir í þá átt. En þó eru, að því er sjerstaklega Reykjavík snertir, og þó raunar alt landið, sum þau tiginði, sem að vísu nú stefnir til, en ekki mundu fram koma, ef þau ráð væru tekin, sem auðvelt er að fara eftir. Veit jeg um sum þessi ráð með vissu, og hefi um þau talað við menn, sem helst gætu látið framkyæma það sem gera þarf. Eru þær framkvæmdir ekki vandasamar, en því miður get jeg ekki, að svo stöddu, látið almenning fá að vita hverjar þær eru. En það er alveg víst, að af þeim mundi ýmislegt gott leiða, og þar á meðal nokkra framför í því sem svo afar mikið riður á. En það er að halda ekki, að sannleikurinn sje lýgi og lýgin sannleikur, einsog mönnum hættir svo mjög við á helvegi.

5. febr.

Helgi Pjeturss.

Aths.: Línur þessar komu í blaðinu 13. febr., en höfðu ruglast svo, að óskiljanlegt varð. Hefi jeg verið beðinn að fá greinarstúfinn prentaðan upp aftur, einsog nú hefir góðsamléga gert verið.

H. P.

1944